

# Nýrnarannsókn - jóðhexol útskilnaður

Rannsóknin er framkvæmd til að fá nákvæma mælingu á starfsemi nýrna (gaukulsíunarhraða). Með rannsókninni er reiknuð út hreinsigeta nýrnanna. Gefið er jóðhexol skuggaefni í æð og mældur styrkur þess í blóði. Rannsóknin fer fram á Ísótópastofu.

## Undirbúningur

Ef nýlega hefur verið gerð rannsókn með skuggaefni, t.d. tölvusneiðmynd, þarf að líða að minnsta kosti vika frá þeirri rannsókn.

- Ekki má drekka próteindrykki í tvo daga fyrir rannsókn.
- Ekki má borða stóra próteinríka máltíð daginn fyrir rannsókn, til dæmis stóra fisk- eða kjötmáltíð.
- Láta þarf Ísótópastofu vita ef ofnæmi fyrir skuggaefni er til staðar.

## Rannsóknardagur

- Borða má léttan morgunmat fyrir rannsókn.
- Hvorki má reykja né nota aðrar nikótínvörur fyrr en eftir að rannsókn lýkur.
- Við komu á deild er settur æðaleggur í handlegg og í hann er gefið jóðhexol skuggaefni.
- Fara má af deild milli inngjafar skuggaefnis og blóðsýnatöku. Þú færð upplýsingar um hvenær þú þarft að koma aftur.

### Koma 1: Skuggaefni gefið

- Inngjöf skuggaefnis tekur um 15 mínútur
- Mæld hæð og þyngd

### Koma 2: Blóðsýnataka

- 4-24 klukkustundum eftir að skuggaefni var gefið
- Tekur um 15 mínútur



Best er að nota inngang Eiríksgrötu megin og gefa sig fram við afgreiðslu deildar 10G. Athygli er vakin á því að bílastæðin eru gjaldskyld.

## Eftir rannsókn

Niðurstöður berast innan viku til þess læknis sem pantaði rannsóknina.

Velkomið er að hafa samband ef spurningar vakna.

Röntgendeild Landspítala við Hringbraut, sími 543 5050, [isotop@landspitali.is](mailto:isotop@landspitali.is)